Þekking barna á ofbeldi á heimilum

Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir

Rannsóknarhópurinn

Tímabil: 2006 – 2008

Rannsóknarhópurinn:
Guðrún Kristinsd. prófessor,
Ingibjörg H. Harðard. lektor,
Margrét Ólafsd. aðjúnkt,
Nanna K. Christiansen deildarstj.,
Ragnhildur Jónsd. námsráðgjafi,
Steinunn Gestsd. lektor.
Meistaranemar:
Bergþóra Gíslad., Margrét Sveinsd., Nanna Þ. Andrésd.

Verkefnið er styrkt af
Rannsóknasjóði og
Rannsóknarsjóði KHÍ.

Markmið og verkþættir

- Að rannsaka almenna þekkingu barna 9-16 ára á ofbeldi á heimilum.
  - Spurningalistakönnun.
- Að rannsaka þekkingu, skilning, reynslu, áhrif og viðbrögð barna sem hafa lifað við slíkt ofbeldi.
  - Viðtalsathugun.
- Athugun á umfjöllun í prentmiðlum.
  - Orðræðugreining
- Fræðsla og miðlun.
  - Útgáfa bæklinga fyrir börn.
  - Fyrirlestrar fyrir kennara í þátttökuskólum, fagstéttir og fræðimenn.

Fræðileg umgjörð

- Byggir á rannsókn Mullender o.fl. (2002).
- Svipuð rannsókn var gerð í Sviss (Seith og Böckmann, 2006).
- Þátttaka barna í rannsóknum.
- Ofbeldi og náin tilfinningatengsl.
- Ójöfn valdastaða kynjanna.

Áhersla í þessari rannsókn

- Sjónarhóll barnsins er sérstæður og sumpart annar en fullorðinna.
- Túlkun barna á ofbeldi á heimili er háð túlkun foreldra, sérstaklega af samræðum þeirra og börn. Sjónarhóll móður og föður veitir börnum tvíátta leiðsögn (Hydén, 1994;123).
- Verkefni okkar nær til almenns hóps barna og unglinga þar sem gert er ráð fyrir undirhópi með þekkingu og reynslu af ofbeldi á heimilum, hvort sem er af eigin heimili eða af afspurn, t.d. gegnum vini.

Myndin er sótt af heimasíðu leikskóla í Reykjavík og börnin eru rannsóknarinnar óviðkomandi.

Tilhögun og þátttakendur

- Lagskipt klasaúrtak.
- 4 landssvæðum, 13 skólar.
- 78% foreldra veittu samþykki.
- Nánast öll börn samþykktu.
- Svarshlutfall: 68,6%.
- Aldursskiptir spurningalistar:
  Börn í 4.- 6. bekk *(N=563)*
  Unglingar í 7. – 10. bekk *(N=562)*.
- Alls 1125 börn og unglingar.
- 54,3% drengir og 45,7% stúlkur.

Bæklingar fyrir börn og unglinga

Niðurstöður

Hefur þú heyrt orðið heimilisofbeldi?

- Grunnskólabörn þekkja orðið heimilisofbeldi, um 70% barna og 94% unglinga.
- Fleiri stúlkur en drengir þekkja orðið í báðum aldurshópum.
- Svipað hlutfall hérlendis og í Sviss þekkja orðið, en færri í Bretlandi.

Þekkir þú einhvern sem hefur orðið fyrir ofbeldi á heimili sínu?

- 21% barna og 26% unglinga (svarenda) þekkja einhvern sem orðið hefur fyrir því.
- Langalgengast að eldri stúlkur segist þekkja einhvern (38,4%) en fágætast meðal eldri drengja (16.5%).
- Hærra hlutfall barna (11%) en unglinga (4%) vilja ekki svara spurningunni.

Hvar heyrðir þú um heimilisofbeldi?

- Algengast er að börn og unglingar heyri um það í sjónvarpi, því næst skóla og unglingarnir í fjölmiðlum.
- Unglingsstúlkur tilgreina fleiri uppsprettur að vitneskjunni en drengir og er tamara að ræða ofbeldið við vini.
- Í bresku og svissnesku rannsóknunum er sjónvarpið einnig algengasta svarið.

Hvað heldurðu að átt við þegar talað er um heimilisofbeldi?

- Algengustu efnislegu svörin foreldrar eða systkin lemji börnin á heimilinu.
- Yngri börn nefna frekar rifrild og að blóta og öskra sem ofbeldi.
- Fleiri unglingsstúlkur en drengir tilgreina geranda og eru svör þeirra nákvæmari.
- Svör unglinga líkjast meir viðurkenndum skilgreiningum fullorðinna.
- Í bresku rannsóknunum skilgreindu 5% hugtakið á sama hátt og fagfólk.

Er í lagi að foreldrar lemji stundum hvort annað?

- Bæði börn og unglingar í íslensku rannsóknunum hafna þessari staðhæfingu alfarið (99.6%).
- Í bresku rannsóknunum höfnuðu 80% yngri barna fullyrðingunni og 15% voru ekki viss, en 87% unglinganna hafnuðu og 11% voru ekki viss.
- Athyglisverður munur er á viðhorfum skv. þessum niðurstöðum.

Skýrsla um helstu niðurstöður spurningalistakönnunarinnar

KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS